



MANNVIT



Fljótsdalshreppur

DEILISKIPULAG

HENGIFOSS

FLJÓTSDALSHREPPUR

LÝSING VEGNA SKIPULAGSÁFORMA

16. DESEMBER 2014

VERKNÚMÉR: 1-741-241						
SKJALANÚMÉR: MAN-000-000-PM-R00-001						
NÚGILDANDI ÚTGÁFA: 4.08						
0.01	2014.12.18	SSP	SSP	APM	XX	NA
ÚTGÁFA	DAGS. ÚTG	LÝSING	HÖFUNDUR	RÝNIR	SAMÞYKKT	VERKKAUPI


Efnisyfirlit:

1. Almenn	3
1.1 Deiliskipulagssvæðið	3
1.2 Deiluskipulagsvinna	3
1.3 Afmörkun skipulagssvæðis	3
2. Stefnumörkun	4
2.1 Almenn	4
2.2 Tengsl við aðrar áætlanir	4
2.2.1 Aðalskipulag	4
3. Forsendur og markmið	5
3.1 Markmið	5
4. Umhverfisskýrsla	6
1.1 Inngangur	6
4.1 Áherslur og aðferðir	7
4.2 Áhrifaþættir	7
4.2.1 Valkostir	7
5. Niðurstöður	7
6. Kynning, afgreiðsla og samþykkt	7
6.1 Samráð og kynning	7
6.2 Umsagnaraðilar	7

1. Almennt

1.1 Deiliskipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er Hengifossárgljúfur frá heiðarbrún niður fyrir þjóðveg 933 í Fljótsdal. Hengifossárgljúfur skartar Hengifossi og Litlanesfossi, Hengifoss fellur um 128 metra niður í gljúfrið og er einn hæsti foss landsins en Litlanesfoss skartar fallegum stuðlabergsmyndunum. Á bílastæðinu er salernisaðstaða og gönguleið er frá bílastæðinu upp meðfram gljúfrinu. Hengifossárgljúfur (nr. 671) er á Náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar og þar stendur „Hengifossárgljúfur, Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss“.



Mynd 1 Staðsetning skipulagssvæðisins

Heimild: LMÍ

1.2 Deiluskipulagsvinna

Deiluskipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsupprætti og skýringaruppráttum. Umhverfisskýrsla, á grundvelli 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 106/2005 er sett fram sem hluti af deiluskipulagsgreinargerðinni.

1.3 Afmörkun skipulagssvæðis

Afmörkun skipulagssvæðisins verður sýnd á skipulagsupprætti sem unninn er eftir loftmyndum.



Mynd 2 Hengifoss

Mynd: Skarphéðinn Smári Þórhallsson

2. Stefnumörkun

2.1 Almenn


Hengifoss fellur í mikilfenglegu gljúfri þar sem sjá má jarðlögin lag fyrir lag, sjá mynd 2. Í Hengifossá er einnig Litlanesfoss, sem fellur fram af stuðlabergsgljúfur þar sem hæstu stuðlar eru meira en 10 metra háir. Hengifossárgljúfur er náttúruperla með mikið aðdráttarafl og er einn þekktasti og fjölfarnasti ferðamannastaður á austurlandi. Með skipulagðri og markvissri uppbyggingu getur Hengifoss tekið við margföldum þeim fjölda sem heimsækir staðinn í dag. Útlit er fyrir að fjöldi ferðamanna haldi áfram að heimsækja þessa náttúruperlu og því er nauðsynlegt laga aðgengi og aðstöðu til að tryggja að svæðið þoli þennan ágang og einnig verður að tryggja öryggi þeirra sem heimsækja Hengifoss. Með þessum aðgerðum er tryggt að Hengifoss verður áfram einn af fjölsóttari ferðamannastöðum á Íslandi.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Fjallað eru um svæðið í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og Náttúruminjaskrá.

2.2.1 Aðalskipulag

Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014 – 2030. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að styrkja stoðir og **auka vægi ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins. Hengifossárgljúfur er skipulagt sem verslunar- og þjónustusvæði með möguleika á uppbyggingu fyrir minniháttar móttöku fyrir ferðamenn. VP-1 (sjá mynd 3) og þar stendur „Yfirbragð nýbygginga vönduð og falli að umhverfi.“ og „Merkja þarf gönguleiðir á svæðum sem hafa útvistargildi. Úrbætur á aðstöðu til móttöku ferðamanna á vinsælum áningarstöðum í sveitarfélaginu, s.s. við Hengifoss“.



Mynd 3 Mynd af svæðinu úr aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 skipulagssvæði auðkennt VP 1 og NM 617

3. Forsendur og markmið

3.1 Markmið

Markmið með gerð deiliskipulags við Hengifossárgljúfur eru sett fram í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps og eru eftirfarandi. „Svæðið er ætlað fyrir verslun og þjónustu með möguleika á uppbyggingu fyrir minniháttar móttöku fyrir ferðamenn. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Staðsetning krefst að vandað verði til yfirbragðs nýbygginga.“

Í skýrslunni Hengifoss 128M eru sett fram eftirfarandi markmið sem ná á fram með deiliskipulagsgerðinni:

- Að tryggja verndun náttúru og náttúruminja á svæði sem er í C- flokki náttúruminjaskrár.
- Að skapa framtíðarásýnd og skipulag svæðisins m.t.t. aðgengis og umferðar gesta.
- Að afmarka umferð gesta um svæðið með stígum, brúm, leiðum og áningarstöðum.
- Að staðsetja helstu útsýnisstaði, nauðsynlegar tröppur og brýr, upplýsinga- og fræðsluskilti, ílát fyrir flokkað sorp og fleira.
- Að stuðla að því að hönnun og efnisval mannvirkja falli vel að umhverfi og sé í anda vistvænnar þróunar.
- Að efla farsæla og vistvæna þróun ferðamennsku á svæðinu í anda sjálfbærni

4. Umhverfisskýrsla

1.1 Inngangur

Lögbundin efnisatriði í umhverfismati deiliskipulags:	Vísun í kafla deiliskipulagsins:
Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið deiliskipulagsins.	Sjá kafla 3
Yfirlit yfir tengsl deiliskipulagsins við aðra áætlanagerð.	Sjá kafla 2
Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana.	Sjá kafla 4.1
Lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang deiliskipulagsins.	Sjá kafla 1
Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar deiliskipulagsins.	Sjá kafla 4.2
Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd deiliskipulagsins.	Sjá kafla 4.2
Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða deiliskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	Sjá kafla
Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða deiliskipulagið.	Sjá kafla 2
Umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda og annarra umhverfissjónarmiða við gerð aðalskipulagsins.	Sjá kafla 2
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd deiliskipulagsins.	Sjá kafla 4
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við deiliskipulagið.	Sjá kafla 4
Upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vege upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd deiliskipulagsins.	Sjá kafla 4
Yfirlit yfir ástæður þess að þessi kostur var valinn.	Sjá kafla 4
Lýsing á því hvernig matið fór fram.	Sjá kafla 4
Upplýsingar um hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd deiliskipulagsins.	Sjá kafla 5
Samantekt.	Sjá kafla 5

4.1 Áherslur og aðferðir

Umhverfismat deiliskipulagsins verður unnið af Mannviti hf. í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í mati á áhrifum deiliskipulagsins er lögð áhersla á að greina áhrif á þá umhverfisþætti sem útfærsla deiliskipulagsins getur haft áhrif á, byggt á hlutverki þess. Umhverfisskýrsla þessi er hluti af skipulagsgreinargerð og er kynnt sem hluti skipulagsgagna, sjá umfjöllun um kynningu, samráð og afgreiðslu í kafla 6.

4.2 Áhrifaþættir

Eftirfarandi þættir eru taldir geta valdið staðbundnum áhrifum á umhverfið í kjölfar deiliskipulagsins:

- Umferð: Aukin umferð ferðamanna um svæðið mun hafa áhrif á það.
- Mannvirki: Aukin fjöldi mannvirkja mun hafa einhver áhrif á ásýnd landsins en eins og kveðið er á um í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 „Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.“
- Gróður: Á fyrirhuguðum byggingarreitum er lítill gróður og gert ráð fyrir skaði á gróðri verði því ekki mikill.
- Samfélag: Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að með fjölgun ferðamanna á svæðinu.

4.2.1 Valkostir

Í lögum um umhverfismat áætlana kemur m.a. fram að fjalla beri um og gera grein fyrir umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta sem skoðaðir hafi verið í skipulagsvinnunni. Samanburður við núllkost eða óbreytt ástand.

5. Niðurstöður

6. Kynning, afgreiðsla og samþykkt

6.1 Samráð og kynning

Samráðs- og kynningarfundir:

Fundur með fulltrúa HAUST.

Kynning á deiliskipulagsvinnu hjá hreppsnefnd Fljótsdalshrepps.

6.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru Fljótsdalshreppur, Skipulagsstofnun Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Vegagerðin og Fornleifavernd ríkisins.